

## **96. Þingflokksfundur, 4. mars 2015 kl. 13.00**

Fundinn sitja: Birgitta, Helgi Hrafn, Ásta og Alla.  
Berglind Rósa ritar fundargerð.

### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Samþykkt.

### **2. Dagskráin í dag**

Dagskráin rædd og verkum skipt.

### **3. Kynningarfundur með hönnuði**

Björn Leví vill halda kynningarfund með hönnuði sem hefur komið fram með hugmyndir í anda stefnu Pírata. Ákveðið að segja Birni að velja fundartíma eftir kl. 17 einhvern daginn í næstu viku.

### **4. Bréf um breytingar á Seðlabanka**

Hallgrímur óskar eftir að hitta þingflokkinn og brífa úr samráðsnefnd um endurskoðun á stjórnskipulagi Seðlabankans. Athuga hvort hann geti hitt okkur nk. mánudag á þingflokksfundartíma í u.þ.b. 45 mín.

### **5. Bréf úr nefnd um greiðsluþátttökukerfi**

Sigurður óskar eftir að hitta þingflokkinn og brífa úr nefndinni. Athuga hvort hann geti hitt okkur nk. mánudag á þingflokksfundartíma í u.þ.b. 45 mín.

### **6. Kynningarborð á ráðstefnu Norræna félagsins**

Ákveðið að fá grasrótina til að kynna Pírata. Helgi talar við framkvæmdaráðið.

### **7. Þingmál Pírata**

Rætt var um næstu skref varðandi þingmál flokksins og stöðu þeirra í nefndum.

### **8. Önnur mál**

Hafa þarf samband við framkvæmdaráðið varðandi vefinn og tölvupóstmál. Helgi ræðir við Finn varðandi félagatal og tölvupóstfangið. Ákveðið að hafa bréf nefndarfundum sem fastan dagskrárlið á þingflokksfundum.

Fundi slitið kl. 13.55.